

M-59/2009 Álit 28. september 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. september 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-59/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 12. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, f.h. Z., um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á vespu af fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi segir vespuna vera gallaða, krefst riftunar á kaupunum og endurgreiðslu kaupverðsins, kr. 205.000. Til vara gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi athugi nýjustu bilunina eða útvegi sér varahluti að láni svo að óhlutdrægur aðili geti metið hvort bilunina megi rekja til galla eða meðferðar á hjólinu. Þá kveðst álitsbeiðandi gera kröfu um að fá greiddar sanngjarnar bætur vegna þeirra óþæginda sem hann hafi orðið fyrir.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin óskaði eftir nánari skýringum frá álitsbeiðanda í bréfi, dags. 18. ágúst sl., og bárust þær 20. s.m. Með bréfi, dags. 21. ágúst, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 28. ágúst. Með bréfi, dags. 31. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 8. september. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 14. september sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi, dags. 9. júlí 2007, keypti Z vespu af fyrirtækinu Y á kr. 205.000. Kæruneftndin byggir á því að X sé forsvarsmáður Z. Álitsbeiðandi segir að fljótlega eftir kaupin hafi hjólið tekið að bila og hafi hann farið með það til viðgerðar um mánaðamótin ágúst september vegna bilunar í rafmagni, þjófavörn og fjarstarti. Skipt hafi verið um rafgeymi, en sá eldri hafi tæmt sig. Þá hafi verið skipt um fjarstart og þjófavörnin tekin úr sambandi. Í framhaldi af þessu hafi hjólinu verið lagt og geymt innan dyra um veturinn. Hjólið hafi að mestu verið ónotað árið 2008. Í apríl 2009 hafi verið farið með hjólið í skoðun og í framhaldi af því hafi kúplingin bilað. Þá hafi hann farið með hjólið aftur til viðgerðar hjá A í C, sem hafi gert við það, en hann sé innflytjandi hjólsins. A hafi krafist sig um kr. 15.000 fyrir viðgerðina sem álitsbeiðandi kveðst hafa neitað að greiða. Hafi A brugðist illa við því og sagst ekki vilja sjá hann frammar. Í byrjun júní hefði hjólið bilað í þriðja sinn en þá hafi hann farið með það til skoðunar á annan stað enda hefði A meinað sér að koma aftur. Þar hafi hjólið verið skoðað ítarlega og talið hugsanlegt að bilunin væri í rafmagni, háspennukefli eða cd boxi. Til þess að staðreyna hver bilunin væri þyrfti að fá varahluti. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið til seljanda til þess að fá varahluti til prufu. Seljandi hafi sagt að sér kæmi þetta ekkert við því að fyrirtækið væri hætt þjónustu fyrir A. Hvorki seljandi né A vilji nú neitt fyrir sig gera og kveðst álitsbeiðandi ítrekað hafa reynt að fá úr því skorið hvort um galla væri að ræða en án

árangurs. Hjólið sé nú ónothæft og hafi valdið eilífum vandræðum. Álitsbeiðandi lýsir ágreiningsefninu nánar með svofelldum hætti:

„Ég hef boðið seljanda að athuga bilunina með það í huga að staðreyna hvort bilunin sé galli í skilningi laga um neytendakaup, en seljandi hefur ekki viljað gera það. Þar sem vespan er þetta lítið notuð taldi ég líklegt að um galla væri að ræða og því vildi ég að seljandi bætti úr honum á eigin kostnað. Seljandi hefur hins vegar ekki viljað koma til móts við mig og það þrátt fyrir að Neytendasamtökin hafi reynt að miðla málum.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörunum er tekið fram að D sé umboðsaðili og innflytjandi fyrir hjól eins og álitsbeiðandi keypti en ekki A persónulega, en hann undirritar andsvörin.

Í andsvörum er lýst fyrstu viðgerð á hjólinu sem A telur ekki hafa verið vegna galla heldur fyrir ranga notkun. Er ástæðulaust að lýsa því sérstaklega vegna þess að A lagfærði það sem að var og snýst núverandi ágreiningur aðila ekki beint um þetta atriði.

Að því er varðar næstu viðgerð segir A álitsbeiðanda hafa beðið E í Y að breyta kúplingunni í hjólinu til þess að gera það kraftmeira sem hann hafi gert. Við þá breytingu falli verksmiðjuábyrgðin niður. Tæpum tveimur árum síðar hafi róin sem haldi kúplingunni saman losnað og skemmt kæliviftu og fleira sem A kveðst hafa skipt um. Verð varahluta hafi verið kr. 17.900 auk vinnu. A kveðst hafa óskað eftir því við álitsbeiðanda að hann greiddi kr. 10.000 upp í viðgerðina sem álitsbeiðandi hafi ekki viljað, þeim orðið sundurorða og hann sagt álitsbeiðanda að láta ekki sjá sig framár. Þá segir orðrétt í álitsbeiðninni:

„... svo þegar hjólið fór að ganga eitthvað leiðinlega hefur hann ekki þorað að koma og tala við mig, ég var búinn að segja stúlkunni hér á Akureyri sem var búin að hafa samband við mig að ef hann mundi koma og biðjast afsökunar á hvernig hann kom fram væri minnsta mál að skoða hjólið og laga það en hann kom aldrei. D er búin að selja hátt í tvö hundruð vespur síðustu þrjú árin og eru samskipti okkar við okkar kúnna einstaklega góð og leitumst við við að leysa öll mál farsælllega ...“

Þá segir eftirfarandi um það sem álitsbeiðandi segir nú vera að hjólinu:

„Ég get ekki skilið hvernig hægt er að tala um galla þegar ekki er vitað hvað er að hjólinu, en það hefur enginn talað við mig um að fá neina varahluti hvorki X sjálfur né F hjá G og er það algjörlega rangt hjá X þar sem hann segir að hann hafi boðið seljanda að skoða hjólið því að hann hefur ekki talað orð við mig frá því að hann tók hjólið úr kúplingsviðgerðinni. Svo finnst mér skrytið að fara með hjól frá mér í viðgerð til G til að laga ábyrgðarviðgerð, ég er ekki viss um að það mundi mælast vel fyrir að fara með bíl frá H til I í ábyrgðarviðgerð.“

Þá kveðst X gera kröfur á hendur álitsbeiðanda og lýsir þeim svo:

„Krafa mín er sú að X greiði rafgeyminn sem ég lét hann hafa í góðmennsku minni kr. 9.900 og kúplingsviðgerðina að fullu, varahlutir kr. 17.900 og vinna 10.800. Síðan vil ég kveðja til mann til að skoða hvað er að hjólinu og komast að því hvort um galla sé að ræða og mun þá ekki standa á mér að bæta það ef um galla er að ræða.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda, Z, og D falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Þar sem tvö einkahlutafélög eru að formi til aðilar ágreiningsins fellur hann undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Eins og fyrr er greint frá keypti álitsbeiðandi hjólið af fyrirtækinu Y samkvæmt því sem fram kemur á reikningi frá 9. júlí 2007. A segir fyrirtækið D vera umboðsaðila og innflytjanda fyrir hjól af þessari gerð. Í andsvörum tekur A til varna fyrir það fyrirtæki. Í 84. gr. laga nr. 50/2000 segir að kaupandi geti gert kröfu vegna galla á söluhlut á hendur fyrri söluaðila ef seljandi getur gert sams konar kröfu vegna gallans. Eins og málið horfir við kærunefndinni samkvæmt álitsbeiðninni og eftir að andsvör A bárust lítur hún svo á að krafa álitsbeiðanda beinist gegn fyrirtækinu D, en ekki fyrirtækinu Y, enda er A sérstaklega tilgreindur í álitsbeiðninni. Kærunefndin álitur að það sé álitsbeiðanda heimilt samkvæmt framangreindri lagagrein.

Aðalkrafa álitsbeiðanda er sú að kaupunum verði rift og kaupverðið endurgreitt. Í 30. gr. laga nr. 50/2000 er kveðið á um úrræði kaupanda vegna galla á söluhlut. Eitt þeirra úrræða er að krefjast riftunar, en riftun er þó aðeins heimil ef meta má galla til verulegar vanefnda, sbr. ákvæði 1. mgr. 39. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar getur kaupandi ekki rift kaupum, „nema hann tilkynni seljanda um riftun án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk eða hefði átt að fá vitneskju um gallann eða eftir að frestur sá er útrunninn sem leitt getur af kröfu eða tilkynningu samkvæmt ákvæðum 34. eða 36. gr.“ eins og í málsgreininni segir.

Álitsbeiðandi hefur ekki notfært sér tækifæri til þess að gera athugasemdir við lýsingu A viðskiptum þeirra. Kærunefndin lítur svo á að samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins hafi enn ekki verið leitt í ljós að þeir gallar hafi verið eða séu á hjólinu sem heimila álitsbeiðanda riftun á kaupunum. Er þá ekki tekin afstaða til þess hvort riftunarkrafa álitsbeiðanda var sett fram í tæka tíð eða ekki. Verður því að hafna riftunarkröfu álitsbeiðanda.

Af hálfu D er gerð sú krafa að álitsbeiðandi greiði fyrir viðgerðir í ágúst 2007 og apríl 2009. Að því er varðar fyrri viðgerðina kemur hvergi fram að A hafi krafist greiðslu fyrir hana og tvö ár eru liðin frá því að hún var framkvæmd. Kærunefndin álitur að hér sé um tómlæti að ræða og þegar af þeirri ástæðu sé krafa þessi fallin niður af þeim sökum og er þá ekki tekin afstaða til þess hvort hún kunni að hafa átt rétt á sér á sínum tíma eða ekki.

Að því er varðar viðgerð á kúplingu hjólsins í apríl 2009 telur kærunefndin að verulegar líkur hafi verið leiddar að því að bilunin hafi a.m.k. að einhverju leyti stafað af breytingum á kúplungunni sem álitsbeiðandi hafi látið gera, en eins og fyrr greinir hefur álitsbeiðandi ekki mótmælt lýsingu A á því að þessi breyting hafi verið gerð og afleiðingum hennar. Kærunefndin telur þannig ósannað að þessi bilun hafi stafað af galla í hjólinu. Kærunefndin álitur að samkvæmt því eigi A enn rétt á því að álitsbeiðandi greiði honum þá kröfu er hann setti fram að viðgerðinni lokinni sem hann segir vera kr. 10.000, en að öðru leyti verði að hafna fjárkröfum hans.

Álitsbeiðandi gerir þá varakröfu að seljandi, þ.e. D í því tilviki sem hér um ræðir, athugi nýjustu bilunina eða útvegi sér varahluti að láni svo að óhlutdrægur aðili geti metið hvort bilunina megi rekja til galla eða meðferðar á hjólinu. Benda má á að í andsvörum lofar A að bæta úr sé um galla að ræða.

Kærunefndin álitur að samkvæmt almennum reglum eigi álitsbeiðandi rétt á því eins og hér stendur á að D gangi úr skugga um það með óhlutdrægum hætti hver sú bilun er sem hjólið mun nú vera haldið, þ.e. framkvæmi eða láti framkvæma nauðsynlegar athuganir á hjólinu að viðstöddum álitsbeiðanda og/eða þeim sem hann kveður til. Fyrir en þessi athugun hefur farið fram er ekki hægt að taka afstöðu til þess hvort um galla er að ræða í skilningi laga nr. 50/2000 og hvort álitsbeiðandi á kröfu vegna hans á hendur D.

Álitsbeiðandi hefur krafist bóta fyrir þau óþægindi sem hann segist hafa orðið fyrir vegna kaupa á hjólinu, þ.e. þess óbeina tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Aðalreglan í lausafjárkaupum varðandi bætur af því tagi, sem byggjast á ákvæðum 67. gr. laga nr. 50/2000, er að um fjárhagslegt tjón kaupanda sé að ræða. Eins og mál þetta horfir við kærunefndinni þykir henni álitsbeiðandi enn sem komið er ekki hafa sýnt fram á eða leitt verulegar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni af slíku tagi enda þótt hann telji sig hafa orðið fyrir óþægindum. Kærunefndin telur því að hafna verði þessari kröfu álitsbeiðanda.

VI Álitsorð

D ber að framkvæma nauðsynlegar athuganir á hjóli álitsbeiðanda, Z að X viðstöddum og/eða þeim sem hann kveður til, í því skyni að ganga úr skugga um af hverju sú bilun stafar sem álitsbeiðandi segir hjólið vera haldið.

Álitsbeiðandi, Z, greiði D kr. 10.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir